

29. SEP. 2021

Málalykill: 40.1



Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Mosfellsbær, 23. september 2021

Efni: Umsókn um nýtt landssvæði vegna breytinga á eldri hluta Hlíðavallar.

Kylfingar á Íslandi hafa aldrei verið fleiri en í ár og það hefur verið sannkölluð golfsprenging og eru meðlimir í golfklúbbum landsins komnir yfir 22.000. Það er aukning um 2000 kylfinga frá árinu áður. Á undanförunum tveimur árum hafa 3900 meðlimir komið nýjir inn í íslenska golfklúbba.

Golf er íþrótt sem því næst allir geta stundað, fólk á öllum aldri, öllum getustigum og golfvöllurinn er frábær staður fyrir fjölskylduna til þess að eiga góðar stundir saman. Við Íslendingar höfum verið að átta okkur á því hversu gott golfið er fyrir líkama og sál og hefur það svo sannarlega skilað sér eins og sést á þessari miklu aukningu í iðkendafjölda.


Til er sænsk rannsókn sem framkvæmd var af þeim Anders Ahlbom og Bahman Farahmand sem starfa við Karólínska sjúkrahúsið í Solna í Stokkhólmi sem gerð var á árunum 2004 – 2008. Þar kemur fram að þeir sem stundi golfiþróttina lifi að meðaltali 5 árum lengur en þeir sem stunda ekki golf.

Kylfingar sem eru á síðari hluta æviskeiðsins geta aukið hreyfigetu sína umtalsvert og bætt jafnvægið með því að ganga úti á golfvellinum og slá golfbolta. Útiveran hefur einnig fleiri jákvæð áhrif, t.d. ferskt loft og aukna D-vítamín upptöku í gegnum húðina á góðviðrisdögum.

Við hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar höfum ekki farið varhluta af þessum aukna áhuga á golfiþróttinni og er staðan þannig hjá okkur núna að við getum ekki tekið við fleiri félögum í okkar flotta golfklúbb. (Ávallt er þó tekið við krökkum 18 ára og yngri í klúbbinn).

Þegar þetta er skrifað er meðlimir GM orðnir 1959 talsins sem er aukning upp á rétt rúmlega 1000 meðlimi á tveimur árum. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig samsetning okkar meðlima er:

Aldurshópur	Kona	Karlar	Samtals
0–6 ár	2	6	8
7–12 ára	39	120	159
13–18 ára	59	135	194
19–24 ára	17	142	159
25–39 ára	52	276	328
40–59 ára	218	394	612
60–69 ára	123	200	323
70 ára og eldri	56	120	176
Samtals	566	1393	1959



Eins og sjá má þá eru stór hluti af okkar meðlimum krakkar 18 ára og yngri eða samtals 361. Þar fyrir utan fáum við einnig talsverðan fjölda af krökkum til okkar í golfskólann sem er hjá okkur á hverju sumri. Einnig sést á myndinni að félagar í GM, 60 ára og eldri eru 499 talsins. Það er því ljóst að það eru fá íþróttafélög sem þjóna jafn breiðum aldurshópi hér í Mosfellsbæ og GM gerir og þetta sýnir okkur það að golf er svo sannarlega fyrir alla.

Af þessum 1959 meðlimum í GM eru 809 þeirra með búsetu í bæjarfélaginu. Samkvæmt samtali við aðra golfklúbba hér á höfuðborgarsvæðinu, þá eru í þeim golfklúbbum 121 kylfingur með búsetu í Mosfellsbæ. Það segir okkur að það eru ca 930 Mosfellingar sem spila golf og af þeim velja 87% að spila golf í sinni heimabyggð.

Það eru 237 meðlimir í GM sem eru 65 ára og eldri og eru búsett/ir í Mosfellsbæ. Það er alveg ljóst, eins og fram hefur komið að golf er gott fyrir líkama og sál. Þeir sem stunda golf eru því ólíklegri til þess að þurfa á þjónustu Mosfellsbæjar að halda þegar kemur að t.d. þjónustuíbúðum, félagslegri þjónustu, heimaþjónustu og/eða heimsóknunum. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í viðtali við Janus Guðlaugsson fyrir stuttu síðan má gera ráð fyrir því að kostnaður bæjarfélaga við þjónusturýmum fyrir aldraða hlaupi á milljörðum króna. Í þessu viðtali við hann kom fram að kostnaður við 700 – 800 þjónustu/hjúkrunarrými sé í kringum 10 til 12 milljarðar á ári hverju.

Eins og fyrr sagði hefur aukningin hér í GM verið umtalsverð og það sem hefur verið sérstaklega ánægjulegt að sjá er þessi mikla aukning í okkar barna og unglingastarfi. Við erum virkilega stolt af því starfi sem hér fer fram og eigum við í GM fjölmarga íslandsmeistara í öllum aldursflokkum.

Okkar starf hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár og var bygging Íþróttamiðstöðvarinnar Kletts mikið framfaraskref sem hefur skilað sér í stórbættu starfi hjá okkur. Núna getum við stundað golf á ársgrundvelli við virkilega góðar aðstæður.


Rekstur GM hefur gengið virkilega vel undanfarin tvö ár og er óhætt að fullyrða að reksturinn sé orðinn stöndugur og fjárhagsstaða klúbbsins viðunandi.

Við erum á þeirri skoðun að Golfklúbbur Mosfellsbæjar sé mikilvægur hlekkur í heilsuefandi samfélagi sem Mosfellsbær er. Eins og fram hefur komið þá er golf virkilega góð hreyfing fyrir alla aldurshópa og við tökum okkur hlutverk sem íþróttafélag alvarlega og leggjum okkur fram við það að þjóna öllum aldurshópum af sama metnaði. Við fáum t.d. félag eldri borgara í reglulegar heimsóknir til okkar í þútt og vonum við svo sannarlega að það starf eigi eftir að aukast á komandi árum.

Með þessari miklu aukningu í félagatali er okkur orðið ljóst að við þurfum að fara að huga að því að auka við gæði vallarins á Hlíðavelli og þá þjónustu/afþreyingar möguleika sem þar eru í boði.

Einnig er farið að þrengja verulega að gamla hluta vallarins með íbúabyggð og þar stafar talsverð hætta af kylfingum við leik þar sem hættan á því að slá í hús hefur aukst verulega.

2016 var unnin tillaga að breytingu á gamla hluta Hlíðavallar. Sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Með þeirri tillögu myndi Hlíðavöllur án nokkurs vafa skipa sér í sess með allra bestu golfvöllum landsins og þótt víðar væri leytað. Nýji hluti vallarins hefur sannað sig sem frábær golfvöllur eins og kom bersýnilega í ljós í fyrrasumar þegar Íslandsmótið í golfi fór



fram á vellinum. Gamli hlutinn er því miður þannig upp settur að hann uppfyllir ekki nútímakröfur. Ásamt því að vera ekki nægilega langur þá eru þar of mörg hættusvæði þar sem kylfingar mætast og því aukin hættu á því að fá í sig golfbolta. Einnig eru of mörg blind golfhögg sem skapa ávallt mikla hættu. Svo er það nándin við nýju húsin eins og kom fram hér að framan og höfum við talsvert miklar áhyggjur af því að nokkur hættu eigi eftir að skapast þar þegar þau hús sem nú er verið að byggja við Súluhöfða verða risin.

Ætlunin er að styðjast við þessar tillögur frá 2016 sem settar voru fram við endurmótun á eldri hluta vallarins. Er það okkar ósk að fá að fara inn með Leirvoginum og búa þar til glæsilegar golfholur sem mun án nokkurs vafa gera Hlíðavöll að stórglæsilegum golfvelli.

Með slíkum breytingum gætum við nýtt svæðið sem núverandi brautir 2. og 3 eru á undir lítinn sex holu golfvöll sem myndi stórauka þá þjónustu sem GM hefur upp á að bjóða. Þannig vellir þar sem holurnar eru einungis 30 – 60 metra langar hafa fyrir löngu síðan sannað sitt gildi þar sem fjölmargir kylfingar stíga sín fyrstu skref þar. Einnig viljum við opna okkar svæði fyrir bæjarbúum á öllum aldri og stuðla þannig að bættri lýðheilsu hjá íbúum í Mosfellsbæ. Golfvöllur sem þessi spilar þar stórt hlutverk.


Við slíkar breytingar losnar einnig svæði þar sem núverandi brautir 5 og 6 eru og þar væri mögulega hægt að koma fyrir fleiri lóðum eða jafnvel grænu svæði sem bæjarbúar gætu nýtt sér. Á þessu svæði er mikil veðursæld, það liggur alveg upp að stígakerfi bæjarins og stutt er niður í fjöru.

Með því að færa golfbrautir líkt og lagt er til í þessari tillögu þá mun engin hættu stafa af kylfingum og golfið að mestu leyti færast frá þeim húsum sem risið hafa nýverið í Súluhöfðanum.

Með þessum breytingum yrðum við komin með golfsvæði í allra fremstu röð hér á Íslandi.

Er það okkar ósk að fá að eiga fund með fulltrúm Mosfellsbæjar þar sem við kynnum okkar hugmyndir og framtíðarsýn Golfklúbbs Mosfellsbæjar með það að markmiði að fá þetta landsvæði sem um er rætt og fara að vinna að því að það verði sett inn í aðalskipulag bæjarins sem framtíðarsvæði fyrir Hlíðavöll.

Fyrir hönd Golfklúbbs Mosfellsbæjar.


Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri.





Hlíðavöllur

Endurskipulagning eldri hluta

Tillaga 2

10. september 2016

edwinroald.com

